

## Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2006

Við sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru 27. maí 2006 voru sveitarfélögin samtals 79 að tölu. Við sveitarstjórnarkosningarnar 2002 voru þau 105 og hafði þeim því fækkað um 26 á kjörtímabilinu vegna sameiningar sveitarfélaga. Á kjörtímabilinu 1998–2002 fækkaði sveitarfélögunum um 19 og á kjörtímabilinu 1994–1998 fækkaði þeim um 47.

### Kosningaþátttaka

Á kjörskrá voru nú samtals 215.957. Atkvæði greiddu 169.418 eða 78,4%. Mest var kjörsóknin í Grindavíkurbæ 94,4% en minnst í Reykhólahreppi 61,1%.

Í þeim sveitarfélögum þar sem bundin hlutfallskosning fór fram var kosningaþátttakan mest í Grindavíkurbæ eða 94,4% en minnst í Bláskógabyggð 62,1%. Þar sem kosningin var óbundin var kosningaþátttakan mest í Eyja- og Miklaholtshreppi 91,7% en minnst í Reykhólahreppi 61,1%.

### Fjöldi kjörinna sveitarstjórnarmanna

Í kosningunum voru nú kjörnir 529 aðalmenn í sveitarstjórnir en á árinu 2002 voru þeir 657. Kjörnum sveitarstjórnarmönnum hefur því fækkað um 128 frá kosningunum 2002.

### Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir kyni

Alls voru 2.675 einstaklingar í framboði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sem er um 1,2% atkvæðisbærra manna. Karlar voru 56% þeirra sem voru í framboði en konur 44%. Við kosningarnar árið 2002 voru karlar í framboði 59% en konur 41%. Ef aðeins er litið til þriggja efstu sæta á framboðslistum kemur í ljós að karlar voru í 78% tilvika í fyrsta sæti, í 49% tilvika í öðru sæti og í 56% tilvika í þriðja sæti á lista.

Konur í sveitarstjórnnum eru nú 189 eða 36% en karlar 340 eða 64%. Í kosningunum 2002 voru 205 konur í sveitarstjórnnum eða 31% og 452 karlar eða 69%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda kvenna í sveitarstjórnnum, hlutfall þeirra af heildarfulltrúafjölda og fjölda sveitarfélaga þar sem konur eiga engan fulltrúa í sveitarstjórn:

Kosningar	Fjöldi kvenna	Hlutfall af heildarfulltrfj.	Fjöldi svstj. þar sem er engin kona
2006	189	35,7%	5
2002	205	31,2%	9
1998	213	28,2%	15
1994	243	24,8%	32
1990	243	21,8%	58
1986	225	19,2%	81
1982	148	12,4%	113

Konur eru í meirihluta í ellefu sveitarstjórnnum en árið 2002 voru konur í meirihluta í tíu sveitarstjórnnum. Í fimm sveitarfélögum er engin kona aðalmaður í sveitarstjórn.

### Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir formi kosninga

Bundin hlutfallskosning fór nú fram í 58 sveitarfélögum en í 66 sveitarfélögum á árinu 2002. Óbundin kosning var nú í 19 sveitarfélögum en 32 sveitarfélögum á árinu 2002. Sjálfkjörið var nú í tveimur sveitarfélögum, Breiðdalshreppi og Tjörneshreppi, þar sem einungis kom fram einn framboðslisti í þessum sveitarfélögum. Á árinu 2002 var sjálfkjörið í sjö sveitarstjórnir.

Framboðslistar í sveitarfélögum voru frá einum til sex, þar sem þeir voru flestir, þ.e. á Akureyri. Heildarfjöldi framboðslista á árinu 2006 var 170 en þeir voru 182 í kosningunum árið 2002. Af þeim 529 fulltrúum sem kjörnir voru bundinni kosningu voru 10 sjálfkjörnir í tveimur sveitarfélögum þar sem aðeins kom fram einn listi í hvoru þeirra.

Kjörnir fulltrúar skiptast þannig eftir formi kosninga:

	2006	2002	1998	1994	1990	1986	1982	1978
<b>Bundin hlutfallskosning</b>	436	466	432	518	516	518	533	474
<b>Óbundin kosning</b>	93	191	294	463	600	662	659	698
<b>Kjörnir fulltrúar alls</b>	529	657	756	981	1.116	1.180	1.192	1.172

## Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir stjórnmálaflokkum

Í sveitarstjórnarkosningunum 2006, eins og öðrum sveitarstjórnarkosningum, hefur framboðum stjórnmálaflokkanna verið hagað með mismunandi hætti. Erfitt er því að henda reiður á skiptingu kjörinna sveitarstjórnarmanna í stjórnmálaflokka. Eins og ávallt var mikið um óháð framboð og samstarf milli hinna ýmsu flokka, fylkinga og óháðra. Stjórnmálaflokkar og félag eiga jafnframt aðild að framboðum sem merkt eru öðrum listabókstöfum en flokkarnir almennt nota. Þá eru dæmi þess að boðnir séu fram listar undir listabókstaf flokks án þess að framboðin séu sérstaklega tengd þeim flokki frekar en öðrum. Dæmi: S-listi, Samstöðu í Vesturbyggð og S-listi, Skagastrandarlistinn í Höfðahreppi. Einnig er fjöldi sveitarstjórnarmanna kjörinn óbundinni kosningu og ljóst að ýmsir þeirra eru félagar í stjórnmálaflokkunum þótt engin leið sé að átta sig á því.

Fjórir flokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi buðu fram og fengu fulltrúa í sveitarstjórnunum undir eigin nafni og sama listabókstaf og þeir nota í Alþingiskosningum. B-listi Framsóknarflokksins, D-listi Sjálfstæðisflokksins, S-listi Samfylkingarinnar og V-listi Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs. Fimm flokkurinn, sem á fulltrúa á Alþingi, Frjálslyndiflokkurinn, fékk fulltrúa kjörna í þremur sveitarfélögum undir listabókstafnum F-Frjálslyndra og óháðra. Í tveimur öðrum sveitarfélögum var borinn fram F-listi án þess að þeir tengdust Frjálslyndaflokknum frekar en öðrum flokkum, þ.e. í Sveitarfélaginu Garði og Eyjafjarðarsveit.

Í nokkrum sveitarfélögum buðu flokkarnir fram og fengu menn kjörna undir listabókstaf flokksins í samstarfi við aðra, oftast óháða: B-listi Framsóknarflokksins í tveimur sveitarfélögum. D-listi Sjálfstæðisflokksins í fjórum sveitarfélögum. F-listi Frjálslyndra og óháðra í þremur sveitarfélögum. S-listi Samfylkingarinnar í fimm sveitarfélögum. V-listi Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs í tveimur sveitarfélögum.

Teknar hafa verið saman upplýsingar um atkvæðafjölda, hlutfall atkvæða og fjölda fulltrúa hvers stjórnmálaflokks fyrir sig. Flokkunum eru reiknuð atkvæði þeirra lista sem tengdust þeim með beinum hætti og notuðu nöfn þeirra og listabókstafi þótt þeir hafi verið í samstarfi við óháða. Þessar upplýsingar eru birtar í töflu 1 hér að neðan. Sömu upplýsingar að viðbættum atkvæða- og fulltrúafjölda annarra framboðslista koma einnig fram í töflunni. Einnig koma þar fram upplýsingar um fjölda sveitarstjórnarmanna sem kosnir eru óbundinni kosningu, fjölda framboðslista eftir listabókstöfum flokkanna og samtals fjölda framboðslista sem nota aðra listabókstafi. Samantektin er sundurliðuð eftir kjörsvæðum sbr. lög sambandsins.

Ýmis álitamál kunna að vakna varðandi þessa samantekt um skiptingu kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir stjórnmálaflokkum. Á henni verður því að hafa alla fyrirvara.

Tafla 1	Reykjavík		SV kjörd.		NV kjörd.		NA kjörd.		Suðurbjörnd.		Samtals		Hlutfall
	Fulltrúar	Atkvæði	Fulltrúar	Atkvæði	Fulltrúar	Atkvæði	Fulltrúar	Atkvæði	Fulltrúar	Atkvæði	Fulltrúar	Atkvæði	
B-listi	1	4.056	2	2.750	11	2.406	13	3.654	18	3.128	45	15.994	11,3%
D-listi	7	27.823	23	16.900	39	5.831	22	5.785	39	9.831	130	66.170	46,7%
F-listi	1	6.527	0	0	1	514	0	0	1	490	3	7.531	5,3%
S-listi	4	17.750	13	11.971	4	1.363	5	2.616	9	2.412	35	36.112	25,5%
V-listi	2	8.739	3	3.415	4	882	4	1.951	1	862	14	15.849	11,2%
	15	64.895	41	35.036	59	10.996	44	14.006	68	16.723	227	141.656	100,0%

Tafla 2	Reykjavík (1)			SV. kjörd. (7)			NV. kjörd. (27)			NA kjörd. (24)			Suðurbjörnd. (20)			Samtals (79)			Hlutfall
	Listar	Fulltrúar	Atkvæði	Listar	Fulltrúar	Atkvæði	Listar	Fulltrúar	Atkvæði	Listar	Fulltrúar	Atkvæði	Listar	Fulltrúar	Atkvæði	Listar	Fulltrúar	Atkvæði	
B-listi	1	1	4.056	3	2	2.750	5	11	2.406	6	13	3.654	8	18	3.128	23	45	15.994	9,7%
D-listi	1	7	27.823	6	23	16.900	12	39	5.831	7	22	5.785	11	39	9.831	37	130	66.170	40,3%
F-listi	1	1	6.527	0	0	0	2	1	514	0	0	0	3	1	490	6	3	7.531	4,6%
S-listi	1	4	17.750	3	13	11.971	3	4	1.363	3	5	2.616	5	9	2.412	15	35	36.112	22,0%
V-listi	1	2	8.739	3	3	3.415	3	4	882	3	4	1.951	3	1	862	13	14	15.849	9,7%
Aðrir listar	0	0		5	14	3.358	25	67	5.574	26	62	6.329	22	56	7.152	78	199	22.413	13,7%
Samtals	5	15	64.895	20	55	38.394	50	126	16.570	45	106	20.335	52	124	23.875	172	426	164.069	100,0%
Ób. kosning								45			38			10			93		
Sjálfkjörið											10						10		
Fulltrúar alls		15			55			171			154			134			529		

## Sveitarstjórnir flokkaðar eftir tölu kjörinna sveitarstjórnarmanna

Í töflunni hér á eftir er sýndur fulltrúafjöldi karla og kvenna eftir fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Samanburður er við niðurstöður kosninganna 2002.

	Íbúafjöldi	Sveitarfélög		Karlar		Konur		Samtals	
		2006	2002	2006	2002	2006	2002	2006	2002
15 fulltrúar	114.800	1	1	9	9	6	6	15	15
11 fulltrúar	78.494	5	4	35	26	20	18	55	44
9 fulltrúar	34.785	8	10	48	64	24	26	72	90
7 fulltrúar	59.849	32	31	136	141	88	76	224	217
5 fulltrúar	9.039	32	57	109	208	51	77	160	285
3 fulltrúar	103	1	2	3	4	0	2	3	6
Samtals	297.070	79	105	340	452	189	205	529	657